

sökum. En síðan hafa menn svo tekið upp á því að kalla fyrra mánuðinn *Ylir* eingöngu, en síðara mánuðinn *Jólmánuð* eða öðrum nöfnum.

Heiðnu Jólin stóðu aðeins f 3 daga, sem áður er sagt. En Jól vor kristinna manna standa yfir í 13 daga, frá fyrsta jóladegi til þrettánda (6. janúar), eða réttar tvær vikur, ef aðfangadagur Jóla er með talinn.


Fornmenn tala aldrei um Gamlársdag eða Nýjársdag, heldur kalla þeir altaf Gamlársdaginn *sjaunda* (ð: sjöunda) dag Jóla og Nýjársdaginn *áttu* (ð: áttunda) dag Jóla. Margt mælir með því, að menn hafi lengi fram eftir öldum, eftir að kristni komst á, talið nýja árið byrja fyrsta Jóladag.

Svo segja fróðir menn, að orðið *Jól* sé skylt latneska orðinu *jocus* og þyði upphaflega „gaman“ eða „gleði“. Er það sannnefni, því að Jólin hafa altaf verið gleði-hátið.

Guð gefi okkur öllum *gleðileg Jól!*

Skrifað á síðasta dag ÝLIS 1908.

[— Reykjavík.]



HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

UTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 583 Agnes Street.

PRENTARI: Gisli Jónsson, 582 Sargent Ave.